

# ÚTTEKT Á FYRIRMYNDABÚI

## Vinnuleiðbeiningar fyrir úttektaraðila

### INNGANGUR

Þessum vinnuleiðbeiningum er ætlað að auðvelda úttektaraðila að framkvæma úttektir á fyrirmyndarbúum í mjólkurframleiðslu og stuðla að því að þær megi verða eins samræmdar og unnt er. Vinnuleiðbeiningarnar eiga líka að hjálpa mjólkurframleiðendum sjálfum að gera forúttektir á sínum búum til að sjá hvernig þeir standa.

Sjálf úttektarblaðið er í viðhengi. Eins og fram kemur á því er úttektinni skipt upp í þrjá kafla, matvælaöryggi, dýravelferð og ásynð.

- Markmið með matvælaöryggiskaflanum er að tryggja neytendum öruggar afurðir sem eru heilsueflandi, næringarríkar og lausar við allskonar smitefni og aðskotaefni.
- Markmið með dýravelferðarkafnum er að tryggja neytendum afurðir frá gripum sem hafa verið aldir upp og haldið við góða dýravelferð. Viðmiðið er að uppfylla reglugerð nr. 1065/2014 um velferð nautgripa.
- Markmið með ásynðarkafnum er að tryggja að almennir neytendur vilji kaupa afurðir sem eiga uppruna á viðkomandi búi. Viðmið: Að hafa allt í kringum okkur snyrtilegt, í röð og reglu.

Hverjum lið er gefinn einkunn frá 0 upp í 2 þar sem 2 gefur til kynna að viðkomandi atriði er í lagi, 1 gefur til kynna að viðkomandi atriði þarfnist viðgerðar eða lagfæringar og 0 gefur til kynna að viðkomandi atriði sé ekki í lagi eða óviðunandi.

- Ef frávik á skoðunatriði eru metin engin, skal gefa 2 í einkunn.
- Ef frávik eru metin smávægileg, skal gefa 1 í einkunn
- Ef frávik eru metin veruleg skal gefa 0 í einkunn. Ef einkunn er 1 eða 0, skal úttektaraðili gefa stutta skýringu á hvað betur má fara.

Hver liður getur haft mismunandi vægi frá 1 og upp í 3. Einkunn fyrir hvern lið er reiknuð með því að stigin sem gefin eru fyrir viðkomandi lið eru margfölduð með vægi liðarins, það er svo margfaldað með 10 og loks deilt á hæstu mögulegu heildarsummu allra liðanna í viðkomandi kafla. Einkunn kafla er síðan fundin með því að leggja saman einkunnir liðanna í kaflanum. Heildareinkunn búsins verður því = einkunn matvælaöryggiskaflans \* 40% + einkunn dýravelferðarkafans \* 40% + einkunn ásynðarkafans \* 20%.

- Ef lokaniðurstaðan er 8,00 eða meira hefur búið staðist úttekt sem fyrirmyndarbú.
- Ef lokaniðurstaðan er lægri en 6,00 þá er ástandið óviðunandi.

Í lagi	Þarf lagfæringar	Ekki í lagi	Vægi
2	1	0	
x			3
x			3
	x		3
x			3

Gefum okkur dæmi hér til vinstri um niðurstöðu úr matvælaöryggiskaflanum sem telur fjóra liði. Mesta mögulega punktsumma (þ.e. með fullu skori) úr þessum liðum er

$$(2*3)+(2*3)+(2*3)+(2*3) = 24$$

Til að finna út hlutfallseinkunn hvers liðar hér til vinstri sem hlutfall af einkunninni 10 þá reiknaðst það eftirfarandi:

$$2*3 = 6 \text{ sem gefur einkunina } 6*10/24 = 2,50 \text{ fyrir liðinn}$$

$$2*3 = 6 \text{ sem gefur einkunina } 6*10/24 = 2,50 \text{ fyrir liðinn}$$

$$1*3 = 3 \text{ sem gefur einkunina } 3*10/24 = 1,25 \text{ fyrir liðinn}$$

$$2*3 = 6 \text{ sem gefur einkunina } 6*10/24 = 2,50 \text{ fyrir liðinn}$$

Samanlögð einkunn fyrir kaflann er því 8,75.

Matvælaöryggiskaflinn vegur 40% í heildareinkunn. Gefum okkur að Dýravelferðarkafinn hafi fengið 9,00 í einkunn og hann vegur 40% í heildareinkunn og loks ásynðarkafinn hafi fengið 9,00 í einkunn líka en hann vegur 20% í heildareinkunn, þá höfum við samanlagða einkunn fyrir viðkomandi bú

$$8,75*40\% + 9,00*40\% + 9,00*20\% = \mathbf{8,90 - FYRIRMYNDARBÚ}$$

## 1. Matvælaöryggi

### a. Mjaltir/meðhöndlun mjólkur - verklag

Skoða og meta skal verklag við mjaltir og meðhöndlun mjólkur með tilliti til þess hvort hættu sé á því að gerlar, eiturefni eða aðrir aðskotahlutir geti mengað mjólkina. Ef úttekt fer ekki fram við mjaltir er unnt að spyrja út í verklag mjalta og meta út frá því.

*Dæmi um smávægileg frávik:*

- *Smurolía í lokuðum umbúðum er geymd í mjólkurhúsi.*

*Dæmi um veruleg frávik:*

- *Gul skán í síuhúsi. Mjaltatæki dregur í sig óhreinindi á bás og ekki eru gerðar ráðstafarnir til að henda slíkri mjólk.*

### b. Mjólkurhús og geymsla mjólkur

Skoða skal og meta kælingu mjólkur og að mjólkurtankur virki rétt.

Skoða skal hvort mjólkurhús og allur búnaður í mjólkurhúsi sé hreinn og snyrtilegur.

- Mjólk skal geymd við 1-4 °C og skal geymsluhiti hafa náðst innan við 3 klukkustundum eftir lok mjalta.
- Mjólkurhús skal vera laust við óparfa aukahluti, slíkir hlutir eiga að geymast í þar til gerðum geymslum.
- Efni á gólfi, veggjum og lofti skal vera auðþrífanlegt og vatnspolið. Æskilegt er að veggir og loft séu ljós.
- Vaskur með heitu og köldu vatni og vatnsslunga sem nær yfir allt gólfidið skal vera til staðar.
- Aðgengi til að sækja mjólk skal vera auðvelt og skal fjarlægð inn að mjólkurtanki vera sem styst, en aldrei meira en 6 metrar frá hurð.
- Mjólkurhúsi á að vera hægt að loka með hurðum og skal hurð á milli mjólkurhúss og griparymis vera sjálflokandi.
- Engin dýr eiga að hafa aðgang að mjólkurhúsi.

### c. Hreinlæti og mjaltabúnaður

Skoða skal mjaltabúnað og þrif á mjaltakerfi og mjólkurtanki.

- Mjaltakerfi og mjólkurtankur skulu vera laus við óhreinindi/skánir að innanverðu.
- Að utanverðu eiga mjaltakerfi og mjólkurtankur að vera þrifin reglulega.
- Mjaltabúnaður á að vera þrifinn reglulega, eftir þörfum tvisvar eða oftar á dag.
- Mjaltapjónar eiga að vera þrifnir reglulega hátt og lágt.
- Reglubundið viðhald og endurnýjun á að fara fram þannig að mjaltakerfi virki sem skyldi og líti vel út.
- Þrif skulu fara fram daglega þannig að ryk eða óhreinindi safnist ekki upp.

*Dæmi um smávægileg frávik:*

- *Ryk/óhreinindi utan á mjólkurtank í mjólkurhúsi.*

*Dæmi um veruleg frávik:*

- *Sýnilegar skánir innan í mjaltakerfi – skánir á gúmmípakkingum eða sverta innan í gúmmíslöngum.*

### d. Gæðakerfi

Athuga skal hvort til staðar séu ferlar til að vinna skipulega að því að tryggja öryggi matvæla. Þumalputtareglan er að því stærri sem búin eru og fleiri sem vinna á búinu, því mikilvægara er að hafa verklagsreglur sem virka.

- Þrifalýsingar, þrifaáætlanir og skráningar á þrifum fyrir griparými, mjaltaaðstöðu, mjólkurhús og búnað þurfa að liggja fyrir.
- Skráningar á öllu viðhaldi, eftirliti og frávikum t.d. í dagbók fjóssins eiga að liggja fyrir og vera aðgengilegar fyrir úttektaaðila.
- Viðmið fyrir viðhald/eftirlit með mjaltabúnaði er regluleg skoðun af fagaðila:
  - Fyrir fjós með rörmjaltakerfi eða mjaltagryfju á skoðun að fara fram árlega og aukaviðhald skal fara fram oftár þegar þörf er á, t.d. skipti á spenagúmíum á 4-6 mánaða fresti.
  - Fyrir mjaltþjónafjós skal regluleg skoðun af fagaðila fara fram.
  - Aðilar sem geta sýnt fram á þekkingu til að framkvæma reglubundnar skoðanir á mjaltabúnaði, geta gert það sjálfir.
- Viðbragðsáætlun er hugsuð sem stjórnæki einkum á stærri búum þar sem margir koma að búrekstrinum. Æskilegt er að viðbragðsáætlun sé til staðar ef eitthvað fer úrskeiðis t.d. ef:
  - vélar eða mótórar gefa sig
  - rafmagnsrof á sér stað
  - óeðlilegar niðurstöður mælinga verða í mjólk
  - veikindi verða á starfsmönnum
  - grunur um smitsjúkdóma í dýrum
- Æskilegt er að eiturefnablöð séu prentuð út og geymd í möppu
- Verklag þarf að vera fyrir hendi um aðkomu fóðurs til og frá gripum og tryggt verði að gripir fái nægt fóður.
- Verklag þarf að vera til staðar um hreinsun á moði sem tekið er frá gripunum.
- Verklag þarf að vera til staðar um móttöku kjarnfóðurs og geymslu þess.
- Verklag þarf að vera til staðar um meðhöndlun og frágang sorps.
- Ferill þarf að vera til staðar fyrir geymslu og förgun á rúlluplasti þar sem það á við.
- Áætlun þarf að vera til staðar um móttöku gesta og þjónustuaðila t.d. varðandi aðgengi, skó og fataskipti.

## 2. Dýravelferð

### a. Um gripi almennt og umhverfi þeirra

Skoða og meta skal ástand gripa og umhverfi þeirra

- Allir gripir skulu vera í viðunandi holdafari og hreinir. Að halda óhreina gripi er ekki talin vera góð dýravelferð.
- Í rými þar sem nautgripir eru haldnir, skal vera vel bjart, hreint og snyrtilegt.
- Óhreinindi og skít á að hreinsa reglulega, einkum á básum/legusvæði og fóðurgöngum.
- Alþrif eiga að hafa farið fram eftir þörfum og a.m.k. árlega.
- Efni á gólfum, loftum og veggjum eiga að vera auðþrífanleg og vatnspólin. Gólfefni eiga ekki að vera hál.
- Kýr sem eru komnar að burði og veikir gripir eiga að hafa aðgang að viðurkenndri sjúkrahúsi ef þeir eru í lausagöngu. Veikir gripir skulu fá fullnægjandi meðhöndlun hverju sinni.

b. Fóðrun

Skoða skal aðgengi að fóðri og vatni, athuga hvort fóðurgangar séu hreinir. Einnig þarf að skoða háralag, holdafar og fyllingu í kviði á ungvíði.

*Dæmi um smávægileg frávik:*

- *Holdafar og háralag á gripum er allt í lagi, en óhreinindi/moð á fóðurgangi.*
- *Aðgengi að fóðri er ágætt, en gæði undir meðallagi.*

*Dæmi um veruleg frávik:*

- *Kálfar eru daprir, léleg kviðfylling og úfið háralag.*

c. Innréttingar

Skoða skal innréttingar. Sjá kröfur reglugerðar nr. 1065/2014 um velferð dýra. Í viðauka I í þessari reglugerð eru kröfur um hvernig innréttingar eiga að vera.

- Kröfur um básafjós eru m.a. að lágmarkshæð á herðakambsslá skuli vera minnst 135 cm, hæð fóðurgangs skal vera minnst 5 cm hærra en básagólf, hæð fóðurkants má að hámarki vera 20 cm hærra en básagólf. Ef t.d. gripir eru með áverka á hnakka er herðakambsslá of lág.
- Í lausagöngufjósi skal átsvæði vera minnst 10 cm hærra en stúgólf. Ef alltaf er aðgengi að fersku fóðri, nægir að vera með átpláss fyrir þriðjung kúa í lausagöngu – að öðru leyti skal vera eitt átpláss fyrir hverja kú.
- Mikilvægt er að skoða hvort hreyfingar eru eðlilegar hjá gripunum, einkum þegar þeir leggjast eða standa upp.
- Eðlilegt viðhald á innréttingum þarf að hafa átt sér stað. Þær mega alls ekki vera slysagildirur.

d. Stíur

Skoða skal stíur.

- Stíur þurfa að vera hreinar og þurrar.
- Þéttleiki gripa í hverri stíu má ekki vera of mikill. Viðauki I í reglugerð nr. 1065/2014 gefur fyrirmæli um þéttleika og aðra þætti til að tryggja góða dýravelferð.
- Lágmarkskrafa er að gripir hafi nóg pláss eftir stærð, að þeir hafi gott aðgengi að fóðri og hreinu drykkjarvatni. Hafi þurr og hreint svæði í stíunni til að leggjast á. Athuga þarf hvort þessir þættir séu í lagi. Athuga einnig hvort stíur hjá ungvíði séu trekkfríar.

e. Básar

Skoða skal fjölda legubása og gæði þeirra. Viðauki I í reglugerð nr. 1065/2014 er með viðmið fyrir bása.

- Þeir þurfa að vera nógu breiðir og langir og með réttum halla.
- Æskilegt er að notaðar séu gúmmíottur/-dýnur og að gæði þeirra séu í lagi.
- Æskilegt er að notaður sé undirburður.
- Básar eiga að vera hreinir.

f. Flórar

Skoða skal hvernig flórar virka.

- Athuga hvort þeir séu hálir og hreinsaðir reglulega.

- Athuga hvort rimlar séu í lagi og uppfylli kröfur um breidd og millibil eins og reglugerð nr. 1065/2014 segir til um. Einnig þarf að skoða úr hvaða efni þeir eru gerðir.

*Dæmi um óheppilega rimla eru plastrimlar fyrir kálfa vegna þess að þeir eru of hálir.*

#### g. Bindingar

Skoða skal hvort gripir séu bundnir en óheimilt er að binda nautgripi nema mjólkurkúr sem eru í básafjósi.

- Kálfa og ungvíði er óheimilt að binda og þurfa því að vera í stíum.
- Bindingar fyrir mjólkurkúr skulu vera þannig gerðar að þær hindri sem minnst háttalag kúa þegar þær standa upp eða leggjast.
- Skoða hvort ummerki/ör sjáist í kringum háls eftir bindingar og hálsólar.
- Skoða hvort hálsólar gripa séu nægilega víðar.

#### h. Annað

Skoða skal almennt yfirbragð á velferð dýra þar sem góð dýravelferð felur í sér margt annað en þeir liðir sem teknir hafa verið sérstaklega út hér fyrir ofan kveða á um.

- Skoða skal hvort loftræsting sé nógu góð svo raki eða hættulegar lofttegundir myndist ekki í rými þar sem gripir eru haldnir. Mörk fyrir hættulegar lofttegundir er að finna í reglugerð nr. 1065/2014. Þegar t.d. lykt af ammoníaki finnst, er það yfir viðmiðunarmörkum.
- Skoða skal klaufhirðu en hún er mikilvægt velferðaratriði fyrir nautgripi. Klippa á klaufir reglulega.
- Athugið hvort slysgildirur eru til staðar þar sem gripir geta auðveldlega slasað sig. Dæmi um slysgildirur eru t.d. rimlabiti sem vantar í flórinn, járn í innréttingu sem hafa brotnað o.fl.
- Athugið hvort rýmingarleiðir séu greiðar svo unnt sé að rýma fjós í skyndi ef þörf krefur.
- Skoðið hvort brunavarnir séu til staðar.

### 3. Ásýnd búsin

#### a. Byggingar fyrir nautgripi

- Nægt pláss skal vera fyrir tankbíl að komast að mjólkurhúsi til að sækja mjólk. Æskilegt er að mjólkurbíll þurfi ekki að bakka, heldur geti keyrt í hring.
- Rúmgóð stétt á að vera fyrir framan mjólkurhús og aðra innganga.
- Yfir inngangi mjólkurhúss skal vera heil þakrenna.
- Stéttir og plön fyrir framan byggingar skulu vera snyrtileg og laus við gróður sem ekki er plantað í beð eða komið fyrir í öðrum skipulögðum reitum. Stéttir og plön skulu vera þurr og með efni sem safna ekki bleytu eða vatni.
- Grasfletir eiga að vera slegnir eða snyrtir reglulega yfir sumarið.
- Aðkoman skal vera laus við alla aukahluti sem geyma á annars staðar fyrir utan augsýn almennings.
- Byggingum skal haldið við með eðlilegum hætti þannig að útlit sé snyrtilegt og fallegt. Mála skal veggir og þak eftir þörfum.
- Allar gönguleiðir nautgripa skulu vera þurrar og hreinar. Nautgripir og önnur dýr eiga ekki að ganga yfir hlað við mjólkurhús vegna mengunarhættu/smithættu.

#### b. Heildarásýnd

Skoða skal heildarásýnd.

- Þegar komið er heim í hlað skal tekið á móti gestum og þjónustuaðilum með snyrtimennsku.
- Byggingar eiga að líta vel út.